



Fréttabréf Árskógar skóla

6. tölublað, 2. árgangur, febrúar 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Símanúmer skólans

Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötlukot: 460-4973

Félagsheimili: 460-4979

Veikindi barna

Mikilvægt er að tilkynna veikindi barna að morgni svo betur sé hægt að skipuleggja daginn og af-boða fæði.

Kæra skólasamfélag

Héðan í frá kemur eitt fréttabréf sem nær yfir allt starf skólans með það að markmiði að binda saman tvö skólastig. Við erum dálítið ánægð yfir hve vel gengur og allir eru jákvæðir! Janúar flaug áfram og við búin að gera margt skemmtilegt saman eins og að borða þorramat, leika úti, laga til, lesa helling og taka að okkur litla mús sem við settum í búr og fylgdumst með atferli hennar (mjög krúttleg að borða kornflex og ost). Nokkur veikindi hafa herjað á börn og starfsfólk en flestir að verða hressir. Í febrúar er margt spennandi á dagskrá og byrjum við á Degi stærðfræðinnar 1. febrúar þá vinna hópar þvert á skólastig ýmis stærðfræðiverkefni. Dagur leikskólans er 6. febrúar og þá verða ýmis verkefni unnin tengd deginum og Kötlukot sér um gæðastund. Á bolludaginn fá allir bollur í skólanum og saltkjöt og baunir á sprengidag. Á öskudaginn sláum við köttinn úr tunnunni og boðið verður upp á andlitsmálningu. Það verður gaman saman í febrúar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð

Öskudagur

Foreldrar grsk. barna hafi samband við um-sjónarkennara ef þeir óska eftir fríi fyrir barnið til að fara að syngja!

Bolludagur

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik.
Mér alltaf þykir gaman að iðka þennan leik.
Ég bolla og bolla, á bossann á þér fast ég slæ,
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
Já, bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar, bollurnar,
já, bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ



Lag: Við erum söngvasveinar Texti: Herdís Egilsdóttir

Stjórnendur skólans

Ef spurningar vakna þá endilega hafðu samband í síma 460-4970 eða sendu póst.

Gunnþór Eyfjörð skólastjóri
gunnthore@dalvikurbyggd.is

Hjördís Jóna deildarstjóri
jona@dalvikurbyggd.is

Til þjónustu reiðubúin!

Dans dans dans fyrir alla nemendur skólans

Danskennsla hefst 4. febrúar og mun Inga danskennari (Ingunn M. Hallgrímsdóttir) sjá um hana. **1.-4. bekkur dansar 8:15-8:55, 5.-7. bekkur dansar 9-9:40** og **Kötlukotsbörn dansa í tveimur hópum milli 10-11, 30 mín í senn.** Kennt verður á mánudögum 4. feb.-29. apríl.

Danskennslan er í boði foreldrafélagsins og þökkum við þeim kærlega fyrir. Gott að eiga góða að!



Dansi dansi dúkkan mín...

Stóra upplestrakeppnin í 7. bekk

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þetta á ekki síst við um loka hátíð keppinnar.



Forkeppni Árskógarskóla fer fram fimmtudaginn 21. febrúar þar sem dómnefnd velur einn fulltrúa og annan til vara. Lokakeppnin eða uppskeruhátíðin verður í Tjarnarborg í Ólafsfirði þriðjudaginn 5. mars kl. 14^o

Smiðjur Kötlukotsbarna

Einu sinni í mánuði fara börn fædd 2009 –2012 í smiðjur. Smiðja er textílmennt, heimilisfræði, tölvur, smíðar og útikennsla. Þetta er tilraun fram að vori og verður þá endurmetið.

Mánaðarskrá Kötlukots og viðburðadagatal skólans alls

Nýbreytni í febrúar er að nú er ein **mánaðarskrá** sem ekki breytist milli mánaða. Ef hún breytist verðið þið látin vita sérstaklega. Mánaðarskrána er gott að láta hanga uppi í hæð barnanna og leyfa þeim að fylgjast með.

Einnig kemur út **viðburðadagatal** sem nær yfir allan skólann. Þar koma allir viðburðir fram en einnig getur maður fylgst með ef að ákveðinn viðburður á við ákveðinn aldur. Viðburðir sem eiga einungis við t.d. Kötlukot verður merktur Kötlukoti sérstaklega. Ómerktir viðburðir eiga við alla.

Viðtalsdagur og leiðsagnarmat grunnskólastigs








Kæru foreldrar, takk fyrir góða þátttöku með börnunum í leiðsagnarmati og jákvæða strauma í viðtölum í lok janúar. Með samvinnu og liðsheild erum við sterkari fyrir börnin ykkar!



Nýjar myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er bíll)!

Viðburðadagatal febrúar 2013

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

				1 Dagur stærðfræðinnar	2	3
						
4	5	6 Pétur Jökull 3 ára Dagur leikskólans	7	8 Smári Freyr 12 ára	9	10
						
11 Bolludagur	12 Sprengidagur	13 Öskudagur Skertur dagur grunnskóla	14 Vetrarfrí Lokað	15 Vetrarfrí Lokað	16	17
						
18	19	20	21 Forkeppni Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk	22	23 Sindri 8 ára	24 Konudagur
						
25	26	27 Elvý Inga 4 ára	28			
		